




AÐALSKIPULAG HRUNAMANNAHREPPS 2003-2015

Tillaga að breytingu aðalskipulags á iðnaðarsvæði - reitur merktur P1



Aðalskipulagsuppráttur helst óbreyttur eftir breytingu

GREINARGERÐ:

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. des. 2014 að ráðast í gerð deiliskipulags fyrir reit sem í gildandi aðalskipulagi er skráður sem P1 á uppdrætti. Á umræddum reit hefur á undanförunum árum verið starfrækt gámasstöð sbr. starfsleyfi HS dags. 24. sept. 2010. Deiliskipulagið skal vera í samræmi við markmið sem fram komu í samstarfssamningi á milli sveitarfélaganna Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps sem fjallar um verkun og förgun seyru í sveitarfélögunum. Deiliskipulagið kallar á breytingu aðalskipulags þar sem stærð reits P1 stækkar úr 0,7ha í 3ha. Breytingartillaga þessi við aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003-2015 var samþykkt á fundi skipulagsnefndar í uppsveitum Árnæssýslu þann 8. janúar 2015 og samþykkt til auglýsingar á fundi sveitarstjórnar síðar þann sama dag.

Tákn - Skýringar

	ÞÉTTBÝLI		LANDBÚNAÐARSVÆÐI		STOFNVEGIR		FRÁVEITA Í JÖRÐU
	EFNISTÖKUSVÆÐI		IÐNAÐARSVÆÐI		TENGIVEGIR		HITAVEITA Í JÖRÐU
	SVÆÐI FYRIR FRÍSTUNDAÞYGGD		VATNSVERNDARSVÆÐI - BRUNNSVÆÐI		AÐRIR VEGIR		KALDAVATNSVEITA Í JÖRÐU
	OPIN SVÆÐI TIL SÉRSTAKRA NOTA G1 - Golfvöllur á Efra Seli, H - Hesthúsasvæði		ÁR OG VÖTN		REIDSTÍGAR		MÖRK SKIPULAGSSVÆÐIS
	ÓÞYGGD SVÆÐI		HVERFISVERNDARSVÆÐI		RAFVEITA - LOFTLÍNA		MÖRK ÞÉTTBÝLISUPPRÁTTAR

Deiliskipulagslýsing dags. 7. janúar 2015 er í samræmi við þessa breytingartillögu. Breytingartillagan er í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 m.s.br.

1.1 Forsendur breytingar.

Á reit P1 hefur síðastliðin ár verið starfrækt gámasstöð fyrir almennan úrgang. Með breytingu þessari er fyrirhugað að víkka út starfsemi stöðvarinnar með því að meðhöndla seyru innan reitsins. Um langt skeið hefur förgun á seyru verið eini kostur sveitarfélaga á Suðurlandi en þau hafa nú tekið höndum saman um að útbúa meðhöndlunarstöð fyrir seyru með það að markmiði að útbúa verðmæti úr afurðinni. Sú vinna er unnin í náinni samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og hefur stofnunin gefið út drög vegna starfsskilyrða um meðhöndlun á seyru. Markmið stöðvarinnar er endurvinnsla seyrunnar og viðbætur á kalki svo til verði áburður sem nýta má til uppgræðslu á örfoka landi.

Nánari skýringar á starfsemi þessari er lögð fram með lýsingu deiliskipulags sem unnin er samhliða þessari breytingu á aðalskipulagi Hrunamannahrepps.

1.2 Gildandi aðalskipulag

Í kafla 4.2.7 í aðalskipulagi er fjallað um iðnaðarsvæði (bls. 38). Þar segir eftirfarandi;

„Á iðnaðarsvæðum er gert ráð fyrir umfangsmikilli iðnaðarstarfsemi eða starfsemi sem er talin geta haft mengun í för með sér s.s. verksmiðjum, virkjunum, tengivirkjum, miðlunarólum, veitustöðvum, skólpælu- og hreinsistöðvum, birgðastöðvum fyrir olíur og móttökustöðvum fyrir úrgang. Íbúðir eru ekki heimilar á iðnaðarsvæðum. Á skipulagsupprætti fá iðnaðarsvæði dökkgrátt tákn og númer. Þrjú iðnaðarsvæði eru sýnd utan þéttbýlis á skipulagsupprætti. Á svæði merktu P1 (0,7 ha) er lífrænu sorpi og brotajárni safnað saman og því ekið til förgunar utan sveitarfélagsins.“

Í breytingu þessari er fjallað um stækkun á svæði P1 sbr. kafla 2.1 hér á eftir. Fyrirhuguð starfsemi felur í sér breytingu á umfangi starfseminnar og hafa skipulagsáform þegar verið kynnt almenningi með auglýsingu í dagblöðum á landsvísi sbr. bréf Skipulagsstofnunar þar um, dags. 28. jan. 2015.

1.3. Umhverfismat

Breytingartillaga þessi felur ekki í sér stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.br. Skv. lið 11.15 í viðauka 1 í breyttum lögum sem tóku gildi 15. des. 2014, skal starfsemi með 500 tonn eða meira á ári fara í umhverfismat. Áætluð árleg vinnsla stöðvarinnar er 3-400 tonn á ári og er framkvæmdin því ekki háð ofangreindum lögum, og þar af leiðandi ekki lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Starfsemi á iðnaðarsvæðinu er háð starfsleyfi. Ekki er talið að breytingartillagan hafi neikvæð áhrif á aðliggjandi svæði sem er landbúnaðarsvæði og hesthúsasvæði.

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

Auglýsing um gildistöku aðalskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann

2.1 Breyting á greinargerð aðalskipulags - kafla 4.2.7 iðnaðarsvæði.

Greinargerð aðalskipulags, 3. mgr. (bls. 38) FYRIR BREYTINGU

„Á svæði merktu P1 (0,7 ha) er lífrænu sorpi og brotajárni safnað saman og því ekið til förgunar utan sveitarfélagsins. Á svæði merktu P2 (1,7 ha) er fiskvinnsla og á P3 (0,3 er spennistöð. Gert er grein fyrir svæðum P4 og P5 í kafla 6.1.7.“

Greinargerð aðalskipulags, 3. mgr. (bls. 38) EFTIR BREYTINGU

Á svæði merktu P1 (3ha) er lífrænu sorpi, úrgangi (seyru) og brotajárni safnað saman, flokkað og meðhöndlað. Seyran er meðhöndluð með kalki og nýtt sem áburður en annað efni er flokkað og því ekið brott, ýmist til áframhaldandi meðhöndlunar eða til förgunar utan sveitarfélagsins. Á svæði merktu P2 (1,7 ha) er fiskvinnsla og á P3 (0,3) er spennistöð. Gerð er grein fyrir svæðum P4 og P5 í kafla 6.1.7.

Að öðru leyti gilda um breytingartillöguna ákvæði núgildandi aðalskipulags m.s.br.

Br. 01., dags. 2. feb. 2015.
Greinargerð og málsmeðferð breytt í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunar, bréf dags. 28. jan. 2015.

Aðalskipulag Hrunamannahrepps 2003-2015

Tillaga að breytingu aðalskipulags



LANDLAGSARKITEKTAR FILA, AUSTURVEGUR 6, 800 SELFÓSS, s/482 4090 fax/482 3542, landform@landform.is

Mælikvarði 1: 50.000 í A3
Dags. teikn: 7. jan. 2015
Teikn. breytt: 2. feb. 2015
Verknúmer: 214-037

Teikning nr: 001
Hannað af: oh
Teiknað af: oh
Yfirl. / Undirskr.:

TIL KYNNINGAR